

# Fundargerð og vefupptaka frá ráðstefnu um endurskipulagningu opinberrar þjónustu 18. febrúar 2010

Fimmtudaginn 18. febrúar 2010 var haldin ráðstefna og vinnustofa um endurskipulagningu opinberrar þjónustu á vegum fjármálaráðuneytis, Sóknaráætlunar 20/20, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða við HÍ. Vefupptaka frá ráðstefnunni er nú aðgengileg hér á vef FFR sem og fundargerð.

Fimmtudaginn 18. febrúar 2010 var haldin ráðstefna og vinnustofa um endurskipulagningu opinberrar þjónustu á vegum fjármálaráðuneytis, Sóknaráætlunar 20/20, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða við HÍ. Vefupptaka frá ráðstefnunni er nú aðgengileg hér á vef FFR og hér fyrir neðan er fundargerð ráðstefnunnar.

**Ráðstefnuefni:** Endurskipulagning opinberrar þjónustu.

**Aðstandendur ráðstefnunnar:** Fjármálaráðuneytið, Sóknaráætlun 20/20, FFR og Stofnun stjórnsýslufræða.

**Staður og tími:** Grand hótél í Reykjavík kl. 8:30-11:00.

**Ráðstefnustjóri:** Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu.

**Bakgrunnur:** Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um umtalsverðar stjórnkerfisbreytingar og umbætur í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Þá er í þingsályktunartillögu um sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land, sem nú liggur fyrir Alþingi, fjallað um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Markmiðið er að forgangsraða í ríkisrekstrinum með nýjum hætti, verja grunnþjónustu, auka skilvirkni í ríkisrekstri með stærri og hagkvæmari einingum, einfalda stjórnsýslu og þjónustu, endurskoða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og gera ríkiskerfið betur í stakk búið til að takast á við breytingar.

Þó að staða ríkisfjármála kalli á endurskipulagningu eru breytingar á ákveðnum sviðum löngu tímabærar, m.a. vegna breytinga sem orðið hafa á þörfum fólks í samfélaginu, byggðaðpróun og tækniþróun. Flest ráðuneyti hafa farið yfir verkefni sem þau sinna og við það hafa kviknað fjölmargar hugmyndir um sameiningar stofnana og breytingar á verkefnum. Sumu hefur þegar verið hrint í framkvæmd meðan annað er styttra á veg komið.

Fyrr í vetur var haldin ráðstefna um sameiningu og endurskipulagningu stofnana. Þar var rætt almennt um það hvernig best væri að standa að breytingum eins og þeim sem nú eru á döfnni. Þessi ráðstefna er framhald af þeirri fyrri og skiptist hún í tvo hluta:

I. Í fyrri hlutanum verður rædd nauðsyn þess að ráðast í viðamiklar skipulagsbreytingar á þessum tímamarki og leitað svara við þremur spurningum tengdum endurskipulagningu opinberrar þjónustu: Af hverju erum við að endurskipuleggja opinbera þjónustu? Hvaða þjónustu eigum við að endurskipuleggja? Hvernig förum við að því?

II. Í síðari hlutanum verður vinnustofa með þjóðfundarfyrirkomulagi þar sem ráðstefnugestum gefst færi á að ræða tækifæri og möguleika sem felast þeim hugmyndum sem uppi eru um breytingar.

Miðlun ráðstefnunnar: Vefupptaka frá ráðstefnunni er heimasíðu Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

## Dagskrá

**Berglind Ásgeirsdóttir** býður gesti velkomna og fer yfir skipulag og markmið fundarins. Ríkisstofnanir eru um 200. Minni fjármunir nú en áður. Verkefni hins opinbera – eftir hverju er eftirspurn. Samgöngur skipta máli í því hvar þjónusta er veitt. Hvers vegna þarf að endurskoða opinbera þjónustu? Hvaða þjónustu á að endurskoða? Hvernig á að endurskoða hana? Margt getur lækkað ríkisútgjöld, t.d. penninn sem læknar halda á.

1. **Fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon** kynnir það sem framundan er og nauðsyn endurskipulagningar ríkisrekstrarins í því ljósi. Sjá vefupptöku.

2. **Ragnildur Arnljótsdóttir** ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu og Arnar Mátsson sérfræðingur í fjármálaráðuneyti kynna fyrirbyggjandi hugmyndir að endurskipulagningu og stjórnkerfisbreytingum. Sjá vefupptöku.

3. **Ragnildur Hjaltadóttir** ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu kynnir fyrirhugaðar tilfærslur á verkefnum til sveitarfélaga og áhrif þeirra. Sjá vefupptöku.

4. **Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri** kynnir vinnulag við nýlega sameiningu skattumdæma, sem dæmi um endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Sjá vefupptöku.

Ráðstefnustjóri: Opinber þjónusta hefur vaxið í samanburði við OECD. Við eigum ekkert val um að hugsa upp á nýtt varðandi opinbera þjónustu. Þetta snýst um heildarhagsmuni – ekki þrýstihópa.

5. **Þátttakendur leggja inn hugmyndir** að tækifærum í endurskipulagningu og breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þátttakendum, ásamt verkstjóra sem er á hverju borði, er falið að fjalla um aðra hvora eftirfarandi spurninga og skila tillögum:

Hvar eru helstu tækifærin við sameiningu ráðuneyta og stofnana?

Hvar eru helstu tækifærin í tengslum við eflingu sveitarstjórnarstigsins og aukins samstarfs um veitingu þjónustu ríkis og sveitarfélaga?

Skriflegum niðurstöðum safnað saman.

Ráðstefnunni slitið kl. 11.

150 manns sótti ráðstefnuna.

Fundargerð: Ingibjörg S. Guðmundsdóttir